Samþykt

102
10. ágúst

um forðabúr fyrir Glæsibæjar- og Öxnadalshreppa.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909, og nr. 47, 10. nóv. 1913, gert eftirfarandi samþykt fyrir Glæsibæjar- og Öxnadalshreppa um forðabúr.

1. gr.

Forðabúr með korni eða öðru kraftfóðri má setja á stofn eitt fyrir hvorn hrepp. Geymist forðinn annaðhvort á Akureyri eða öðrum hentugum stað.

2. gr.

Stjórn forðabúrsins hafa á hendi 3—5 menn sem kosnir eru á vorhreppaskilum til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra kosinn formaður.

Kosningarrjettur og kjörgengi fylgir sömu reglum og við hreppsnefndarkosningar.

Enginn getur skorast undan kosningu, nema sá, sem búinn er að vera þrjú ár samfleytt í nefndinni, eða hann sökum lasleika eða elli álíst ófær til starfans.

3. gr.

Formaður nefndarinnar annast um allar framkvæmdir forðabúrsins með aðstoð meðnefndarmanna sinna, svo sem kaup á forða, geymslu, úthlutun og innheimtu á andvirði hans. Í júnímánuði ár hvert ber nefndinni að athuga, hvar og á hvern hátt haganlegast verði að fá peningalán til forðakaupa að því leyti, sem þörf er á. Lán vegna forðabúrsins ábyrgist sveitarfjelagið. Fyrir starf sitt, vegna forðabúrsins, fær formaður 2% af afhendingarverði forðans, en verðið skal ákveðið á almennum sveitarfundi. Allar fundarályktanir snertandi forðabúrið ber að innfæra í sjerstaka bók, sem forðabúrssjóður borgar.

4. gr.

Á almennum sveitarfundi, er haldinn sje fyrir septembermánaðarlok ár hvert, skal ákveða hve mikinn forða eigi að kaupa, til þess að tryggja hreppinn fyrir harðæri næsta vetur og vor.

102 10. ágúst

Forði sá sem kaupa ber, skal kominn til Akureyrar, eða á annan hentugan stað innan sýslu eigi síðar en 15. desember. Skal þá formaður þegar í stað koma forðanum í örugga geymslu og má eigi taka hann til nota fyrir apríllok, nema um fóðurskort sje að ræða eða verslanir þrotnar að kornbirgðum.

5. gr.

Þau ár, sem forðinn er ekki notaður vegna fóðurskorts, ber stjórnarnefndinni að sjá um endurnýjun hans, þegar þörf gerist, samkvæmt nánari reglum, er settar verða um það innsveitis.

6. gr.

Andvirði forða þess, er stjórnarnefndin lætur af hendi, skal formaður innheimta fyrir 1. ágúst sama ár og má taka það lögtaki á kostnað skuldunauta.

7. gr.

Fyrir forðabúrið skal mynda sjerstakan sjóð, sem heiti forðabúrssjóður, skal hann vera starfsfje forðabúrsins að svo miklu leyti sem hann hrekkur til þess.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

1. 25 aurar fyrir hver 100 kg. er notendur forðans greiða.
2. Mismunur á innkaups- og afhendingarverði forðans.
3. Styrkir þeir, er forðabúrið kann að fá úr sveitarsjóði, landssjóði og Legati Jóns Sigurðssonar.

Útgjöld sjóðsins eru:

Allur reksturskostnaður forðabúrsins.

Þá tíma, sem fjeð er ekki notað fyrir starfsfje forðabúrsins, skal það ávaxtað á tryggum stað.

8. gr.

Reikningsár forðabúrsins er frá 1. ágúst til 31. júlí. Fyrir 15. ágúst semur formaður reikning yfir tekjur og gjöld forðabúrsins, er endurskoðast af tveim mönnum, sem kosnir eru af hreppsbúum, skal svo reikningurinn ásamt fylgiskjölum vera til sýnis á fundi þeim, er ræðir um í 4. grein.

9. gr.

Hreppsnefndin hefir eftirlit með rekstri forðabúrsins og er í samráði með stjórnarnefnd forðabúrsins um úthlutun forðans, þegar harðærið ber að höndum. Ef forðabúrið er lagt niður, falla eignir þess óskiftar til sveitarsjóðs.

10. gr. **102**

Árlega skal stjórn forðabúrsins senda sýslunefnd fyrir aðalfund skýrslur og reikninga til yfirlits. 10. ágúst

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum og öðlast gildi 1. september 1915.

I stjórnarráði Íslands, 10. ágúst 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Samþykt

103

16. ágúst

um breyting á samþykt um lækning hunda af bandormum o. fl. í Vestur-Skaftafellssýslu frá 30. nóv. 1895.

Inn í 4. grein komi á eftir orðunum »eða kamala«: eða öðru læknislyfi, sem hafi sömu verkanir.

Þannig samþykt af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á aðalfundi hennar, sem haldinn var 15.—20. mars þ. á.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 16. ágúst 1915.

Sigurjón Markússon.